



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 13. apríl sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Ákvæði til bráðabirgða, 9.2.3., er varðar A og B leikmannalista í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla.
2. Breytingar á grein 9.3., er varðar setu varamanna og liðstjórnar á varamannabekk.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

9. gr.

Leikskýrsla

9.2. Í Pepsi-deild karla og 1. deild karla skulu þau félög sem taka þátt senda KSÍ A- og B leikmannalista sbr. hér að neðan yfir þá leikmenn sem hafa keppnisleyfi með viðkomandi félagi skv. leiðbeiningum KSÍ viku fyrir fyrsta leik í viðkomandi deild. Aðeins leikmenn skráðir á leikmannalista A eða leikmannalista B geta verið skráðir á leikskýrslu í leikjum í Pepsi-deild karla og 1. deild karla.

9.2.1. Á leikmannalista A skal skrá að hámarki 25 leikmenn og skulu 8 af þeim hafa verið skráðir hjá aðildarfélögum KSÍ á aldurstímabilinu 15 ára (eða frá upphafi þess keppnistímabils sem leikmaður verður 15 ára) – 21 árs (eða til loka þess keppnistímabils þegar leikmaður verður 21 árs), samfellt eða samtals í 36 mánuði og þar af a.m.k. 4 af þessum 8 leikmönnum hjá því félagi sem í hlut á. Breyta má skráningu á leikmannalista A í félagaskiptatímabilum eða þegar leikmanni er veitt keppnisleyfi.

9.2.2. Á leikmannalista B má skrá ótakmarkaðan fjölda leikmanna sem verða 21 árs á almanaksárinu eða eru yngri og hafa verið skráðir hjá því félagi sem í hlut á samfellt í a.m.k. 24 mánuði frá því þeir urðu 15 ára (eða frá upphafi þess keppnistímabils sem leikmaður verður 15 ára). Skrá má leikmenn á listann sem hafa keppnisleyfi með viðkomandi félagi í 3. aldursflokki. Bæta má leikmanni á B leikmannalista hvenær sem er á keppnistímabilinu svo fremi sem hann hafi keppnisleyfi með viðkomandi félagi.

Ákvæði til bráðabirgða 2018

9.2.3. *Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 9.2., skal félaginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útlökun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.*

9.3. Í keppni 7, 8 og 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).

Samantekt

Um er að ræða ákvæði til bráðabirgða 2018 (9.2.3), samhljóma því sem í gildi var fyrir árið 2017. Með þessu bráðabirgðaákvæði liggur fyrir hvaða viðurlögum skuli beita við brotum á nýlegri grein 9.2 (Heimaaldir leikmenn í Pepsi-deild karla og 1. deild karla).

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 9. gr. Leikskýrsla

9.3. Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Varamenn mega ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfalli útlendinga).

Samantekt

Um er að ræða breytingu á grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breyting þessi, sem samþykkt hefur verið af stjórn KSÍ, var unnin af dómara nefnd KSÍ. Nú er tiltekið í ákvæðinu að í keppni 7, 8 og 11 manna liðum er varamönnum og liðsstjórn **heimilt að sitja** á varamannabekk. Áður var aðeins kveðið á um fjölda varamanna og fjölda einstaklinga í liðsstjórn í ákvæðinu. Það er, hversu margir varamenn og einstaklingar í liðsstjórn mættu vera skráðir á leikskýrslu. Var breytingartillaga þessi lögð fram af hálfu dómara nefndar í þeim tilgangi að gæta samræmis við reglugerðir UEFA og FIFA í þessum málaflokki, þ.e. ákvæðum sem snúa að boðvangi og varamannabekk.

Sjá t.d. sambærilegt ákvæði 40. gr. í reglugerð UEFA um Evrópudeildina:

Article 40 Rules governing the technical area

40.01 Seven team officials, one of whom must be a team doctor, and seven substitute players **are allowed to sit** on the substitutes' bench, i.e. a total of 14 persons. The names of all these persons and their functions must be listed on the match sheet.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.